

Mánudaginn 16. mars 1992.

Nr. 14/1991. **Árni Sigurðsson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

**Íslandsbanka hf. og
skiptaráðandanum á Ísafirði
f.h. þrotabús áfrýjanda**

(Jón G. Briem hrl.).

Stefnubirting. Gjaldþrotáúrskurður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1991. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerkjur og synjað verði um, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti.

Stefndi Íslandsbanki hf. krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að áfrýjandi greiði sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda skiptaráðandans á Ísafirði f. h. þrotabús áfrýjanda hefur ekki verið sótt þing fyrir Hæstarétti.

Með bréfi til skiptaráðandans á Ísafirði 12. júlí 1990 fór lögmaður stefnda Íslandsbanka hf. þess á leit, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta, á grundvelli árangurslausrar löghaldsgerðar á hendur áfrýjanda í fógetarétti Ísafjarðar. Hafði gerð þessi verið reynd sama dag á þáverandi heimili áfrýjanda að Fagraholti 12 á Ísafirði, þar sem hann lýsti því yfir, að hann gæti ekki bent á neinar eignir til tryggingar umkrafinni skuld. Hinn 10. ágúst 1990 gaf skiptaráðandi út stefnu á hendur áfrýjanda, þar sem hann var boðaður til þinghalds um skiptabeiðni Íslandsbanka 3. september 1990. Þegar birta átti áfrýjanda stefnu þessa 21. ágúst á vinnustað hans í Reykjavík, reyndist hann farinn af landi brott. Gaf skiptaráðandi þá út aðra stefnu á hendur honum 18. september 1990, og var hún birt í Lögbirtingablaði 10. október sama ár. Samkvæmt þeirri boðun var skiptabeiðnin tekin fyrir í skiptarétti Ísafjarðar 12. nóvember 1990, þar sem Björn Jóhannesson, aðalfulltrúi bæjarfógetans, tók hana til úrskurðar. Var um það gerð svofelld bókun:

„Af hálfu gjaldþrotaskiptabeiðanda, Íslandsbanka hf., er mættur Tryggvi Guðmundsson hdl. v/Guðjóns Árm. Jónssonar hdl.

Enginn er mættur af hálfu skiptastefnda.

Tryggvi Guðmundsson hdl. v/Guðjóns Árm. Jónssonar hdl. krefst þess, að málið verði tekið til úrskurðar.

Á grundvelli fram kominnar beiðni og með vísan til 1. töluliðar c-liðar 13. gr. laga nr. 6/1978 er kveðinn upp svofelldur

ú r s k u r ð u r:

Bú Árna Sigurðssonar, kt. 180441-2559, Fagraholti 12, Ísafirði, skal tekið til gjaldþrotaskipta.“

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að sér hafi ekki verið stefnt til þessa dómþings með lögmatum hætti. Stefna hafi verið gefin út 18. september 1990, og í henni sé tekið fram, að heimili sitt sé að 84 Ambassador Drive, Red Bank, New Jersey 07701, Bandaríkjunum. Eigi að síður hafi hún verið birt í Lögbirtingablaði og bú sitt tekið til gjaldþrotaskipta, þegar hann mætti ekki við þingfestingu 12. nóvember til að halda uppi vörnum. Því aðeins megi birta stefnu í Lögbirtingablaði, að heimilisfang sé óþekkt, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Stefndi Íslandsbanki hf. reisir kröfu sína á því samkvæmt 2. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sé hér um að ræða tilkynningu, en ekki stefnu, og sé því ekki farið eftir 95. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 3. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga. Rétt sé að fara eftir 102. gr. laga nr. 85/1936, og væri því nægilegt, ef símskeyti hefði verið sent. Því hafi verið langt umfram skyldu að birta skiptastefnuna í Lögbirtingablaði.

Þegar skiptaráðandi gaf út skiptastefnu samkvæmt 2. tl. 18. gr. laga nr. 6/1978 hinn 18. september 1990, var vitað, að heimilisfang áfrýjanda var að 84 Ambassador Drive, Red Bank, New Jersey, 07701, Bandaríkjum Norður-Ameríku. Samkvæmt 102. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. gjaldþrotalaga, gat skiptaráðandi látið birtingu skiptastefnunnar fara fram með símskeyti, en það var ekki gert. Birting í Lögbirtingablaði var hins vegar ófullnægjandi, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Áfrýjanda var því ekki löglega birt krafan um gjaldþrotaskipti, og ber þar af leiðandi að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.
